

Kópavogi, 8. apríl 1997

Tilv.: 258. mál, punktakerfi.

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 121 / 1500*  
*komudagur 10/4 1997*

Jafnframt því að vísa til bréfs allsherjarnefndar Alþingis 19. febrúar s.l. skal það tekið fram, að af hálfu Rannsóknarlögreglu ríkisins þykir ekki ástæða til umsagnar um frumvarpið.

Rétt þykir þó að senda ljósrít af bréfi rannsóknarlögreglustjóra til dómsmálaráðuneytis dags. 16. október 1996 er leitað var eftir hugmyndum varðandi bættu innheimtu sekta.

Virðingarfyllst

Þórir Oddsson  
rannsóknarlögreglustjóri ríkisins

Allsherjarnefnd  
Nefndasvið Alþingis  
Þórshamri v/Templarasund  
150 REYKJAVÍK

Kópavogi 16. október 1996

BN/-

Tilvísun ráðuneytisins:

96010212

165-41

Vísað er til bréfs ráðuneytisins dags. 18. f.m. þar sem leitað er eftir hugmyndum um bættu innheimtu sekta etc. í tengslum við starf nefndar, sem gera á tillögur um úrbætur á innheimtu sekta og sakarkostnaðar. Ráðuneytið óskaði eftir svari í síðasta lagi 30. f.m., en ekki vannst tími til að huga að þessu efni fyrir en nú.

Af efni bréfsins og spurningalista sem fylgdi virðist mega ganga út frá að til umræðu séu sektir sem ákveðnar og samþykktar hafa verið samkvæmt 2. og 3. mgr. 115. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19, 1991. Sýnist vera ástæða til að endurskoða þessi ákvæði og jafnframt horfa til 124. gr. sömu laga. Virðist koma til greina að nefna afgreiðslur eða málalok samkvæmt nýju fyrirkomulagi sáttir, þ.e. sáttir á milli ákærvaldsins og þess sem borinn er sökum. Lögreglustjórinn sem handhafi ákærvalds biði þá upp á sátt í málinu t.d. ef ákærvaldið telur að ljúka eigi máli með sekt eða upptöku etc. Huga þyrfti sérstaklega að umfangi heimilda ákærvaldsins til að ljúka máli með þessum hætti og verður ekki farið frekar út í það hér. Sáttaboðið myndi geyma:

- a) Verknaðarlýsingu sem uppfyllti skilyrði 116. gr. oml.
- b) Sektarfjárhæðina og e.a. önnur viðurlög sem heimilt væri að ákvarða með sátt.
- c) Vararefsingu, sem verði virk greiðist sektin ekki á réttum tíma, sbr. 54. gr. alm. hgl.
- d) Áskorun til þess sem borinn er sökum um að hann gefi yfirlýsingu um eða svari hvort hann samþykki sáttarboðið innan tiltekins frests. Lágmark og hámark frests verði ákveðið í lögnum t.d. 5 - 15 dagar.

Ákvæði þyrfti að setja um kærú sáttar til æðra setts ákærvaldshafa svo og um málskot til dómstóla.

Svari sá sem borinn er sökum ekki sáttaboði eða hafni því verður sáttaboðið ákæran í málinu.

Þetta fyrirkomulag, sáttir, kæmi jafnframt í staðinn fyrir sáttir samkvæmt 124. gr. oml sem félli niður.

Við endurskoðunina á 115. gr. oml virðist mega athuga hvort ekki sé rétt að fella niður heimild lögreglumanna til að ljúka máli með sektum.

Í raun er sáttaboðið eins og því er lýst hér að framan nokkurn veginn eins og sektargerðir lögreglustjóra eru í dag með þeirri megin breytingu þó að sáttunum fylgir vararefsing.

Verður nú vikið nokkrum orðum að þeim atriðum sem nefndin hefur horft til varðandi sektarinnheimtuna:

- *Samræmingu á álagningu og innheimtu sekta milli embættis.*

Við ákörðun sekta verður að sjálfsögðu gæta samræmis. Ríkissaksóknari hefur eftirlit með framkvæmdinni í því fyrirkomulagi sem reifað var að framan svo sem nú er, sbr. 4. mgr. 115. gr. oml. Samræmi verður einnig að ríkja um innheimtuna og sýnist því vel fyrir komið ef vararefsing kemur til afplánunar fljótlega eftir eindaga sektar.

- *Stighækkandi sektarfjárhæða eða afslátta ef sektir eru greiddar innan tiltekins frests.*

Augljóst er að þeir sem sektaðir verða munu hafa mismunandi getu til að greiða sekt sína fyrir eindaga. Greiðslugetan ætti e.t.v. að ráða einhverju um ákvörðun sektar en þó tæpast þannig að þeir sem mest ráð hafa greiði lægri sektir en hinir. Úrræðið ber nokkurn keim af tekju-innheimtukerfi og virðist illt samrýmanlegt þeim sjónarmiðum sem í sektarrefsinga grundvallast á.

- *Lögveða til tryggingar sektum vegna umferðarlagabrota.*

Í fljótu bragði sýnist þetta úrræði ekki æskilegt og ber keim af tekju-innheimtukerfi sem áður var nefnt.

- *Lögákveðinna vararefsinga þegar sektarrefsing nær ekki kr. 100.000.*

Við er til þess sem hér að framan segir um sáttir og vararefsingu. Vararefsinginn ætti að vera sá vöndur, það úrræði, sem gerir innheimtuna vika.

- *Innheimtu fyrir milligöngu launagreiðanda.*

Þetta úrræði fær sömu einkunn og afsláttur og lögveð.

Virðingarfyllt

Dómsmálaráðuneytið

Arnarhvoli

Reykjavík